



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
28. mars 2018

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Annar ársfjórðungur 2018

- Á öðrum ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 8-12 ma.kr. að söluvirði¹.
- Áformað er að gefa út í flokkunum RIKB 22 1026 og RIKB 28 1115.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2018 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrsta ársfjórðungi var samtals 11,2 ma.kr. að söluvirði. Nánari skiptingu á sölu ríkisbréfa má sjá í töflunni hér að neðan.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á fyrsta ársfjórðungi

| Almenn útboð | Útgáfa í ma.kr | |
|--------------|----------------|------|
| | Hámark | Raun |
| RIKB 22 1026 | 8 | 5,2 |
| RIKB 28 1115 | 12 | 6,0 |
| Samtals | | 11,2 |

Til viðbótar var haldið þann 23. febrúar skiptiútboð þar sem eigendum var boðið að skipta RIKB 19 0226 út fyrir RIKB 22 1026 og RIKB 28 1115. Niðurstaðan varð sú að Lánamál ríkisins keyptu til baka 2,1 ma.kr. í RIKB 19 gegn afhendingu á RIKB 22 fyrir 1,1 ma.kr. og RIKB 28 fyrir 1,3 ma.kr.

Þann 12. janúar, 9. febrúar og 21. mars voru haldin uppkaupsútboð þar sem ríkissjóður bauðst til að kaupa til baka bréf í eigin flokki, RIKH 18 1009. Tilgangur með kaupnum er að draga úr

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) þ.e. verð án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

endurfjármögnunaráhættu. Ríkissjóður keypti samtals til baka 34,2 ma.kr. að nafnverði í þessum uppkaupum.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á öðrum ársfjórðungi er áætluð á bilinu **8-12 ma.kr.** og verður áherslan á 5 og 10 ára markflokkaútgáfu. Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á öðrum ársfjórðungi 2018

| Fjárhæðir í ma.kr. | Útgáfa |
|--------------------|--------|
| Skuldabréfaflokkar | Hámark |
| RIKB 22 1026 | 8 |
| RIKB 28 1115 | 12 |

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Ríkisvixlaútgáfa er með breyttu sniði miðað við síðastliðin ár. Útgáfan tekur meira tillit til þess að ná yfirlýstu markmiði í lausafjárstýringu þ.e. að halda stöðu ríkissjóðs á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum að jafnaði í 40 ma.kr. Það getur þýtt að talsverðar sveiflur geta orðið í útgáfunni frá einum tíma til annars til að jafna betur sveiflur á viðskiptareikningnum. Staða ríkisvixla í lok fyrsta ársfjórðungs nam 18,2 ma.kr.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.